

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 2000

Nr. 314

660

28. apríl 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Gerðahreppi.

Deiliskipulag ofan Klapparbrautar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 5. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag ofan Klapparbrautar í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis ofan Klapparbrautar og gerir ráð fyrir íbúðabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag í Útgarði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 2. febrúar 2000 samþykkt deiliskipulag í Útgarði í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis ofan Garðbrautar, vestan íþróttaleikvangs og gerir ráð fyrir íbúðabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag við Silfurtún.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 5. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag við Silfurtún í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Garðbraut, Silfurtúni, Brautarholti, Heiðartúni og gerir ráð fyrir íbúðabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gerðahreppi, 28. apríl 2000.

F.h. sveitarstjórnar,

Sigurður Jónsson sveitarstjóri.

Nr. 315

2. maí 2000

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstök sorphirðugjöld (sorp-hreinsunar- og sorpförgunargjald), sem innheimt verða með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Sorphreinsunargjald:

Árlegt gjald kr. 6.000 á íbúð en þar sem lítið sorp er kr. 3.500. Í gjaldinu eru innifaldir 50 pokar.

3. gr.

Sorpförgunargjald frá atvinnurekstri, sem notar gáma og/eða hefur aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum:

Árlegt gjald samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs sem hér segir:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	4.000	4	75.000
2	10.000	5	150.000
3	25.000	6	300.000

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá þessari er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi nr. 245/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Borgarfirði, 2. maí 2000.

Magnús Þorsteinsson oddviti.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í landi Hallar í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt neðangreindar breytingar á skipulaginu.

Breytingar á deiliskipulaginu felast í því að hámarksstærð húsa er breytt úr 60 m² í 110 m² eða hámark 300 m³ og stærð smáhúsa (gestahúsa) breytist úr 12 m² í 20 m². Ennfremur breytist kaflinn um fráveitu þannig, að gert er ráð fyrir rotþró fyrir hvert einstakt sumarhús á kostnað lóðarhafa en ekki sameiginlegri rotþró eins og eldri skilmálar gerðu ráð fyrir.

Breytingar á deiliskipulaginu hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Breytingarnar hafa verið yfirfarnar af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulag fyrir land Hallar með ofangreindum breytingum öðlast þegar gildi og fellur þar með eldra skipulag svæðisins úr gildi.

Borgarnesi, 8. maí 2000.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.